

Aðalfundur, haldinn í ráðstefnusal Nýherja, Borgartúni 37
17. febrúar 2012 kl. 16:00 - 17:10.

1. Formaður stjórnar, Benedikt Jóhannesson setti fundinn.
2. Stungið var upp á Ólafi Sigurðssyni sem fundarstjóra og Þór Konráðssyni sem fundarritara og var það samþykkt.

Fundarstjóri gekk úr skugga um að löglega væri til fundarins boðað og skýrði frá því að mætt væri á aðalfund fyrir 67,1 % hlutfjár. Fundarstjóri lýsti fundinn því lögmætan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans eru.

3. Stjórnarformaður tók fyrstur til máls og flutti skýrslu stjórnar félagsins.

Afrit af ræðu stjórnarformanns er varðveitt sem fylgiskjal nr. 1 við fundargerð þessa.

4. Næstur tók til máls Þórður Sverrisson, forstjóri félagsins, og skýrði hann reikninga félagsins fyrir árið 2011.

Því næst var orðið gefið laust um reikninga félagsins og skýrslu stjórnar. Einn hluthafi, Sverrir Ólafsson, tók til máls og óskaði eftir skýringum á eftirfarandi:

1. Arðgreiðslustefnu félagsins.
2. Bónusgreiðslum til forstjóra og aðstoðarforstjóra.
3. Störfum endurskoðunarnefndar og fjölda funda á starfsárinu. Einnig hvers vegna stjórn félagsins sæti í endurskoðunarnefnd.
4. Hækkun á þóknun til KPMG ehf. á milli árána 2010 og 2011.

Stjórnarformaður gaf eftirfarandi svör:

1. Reynt hefur verið að fylgja þeirri stefnu að greiða þriðjung af reglulegum hagnaði félagsins í arð.
2. Engar bónusgreiðslur eru til forstjóra og aðstoðarforstjóra vegna ársins 2011 en vegna ársins 2010 fengu þeir bónusgreiðslur vegna rekstrarmarkmiða sem þá náðust.
3. Endurskoðunarnefnd hélt fund eftir hvert árshlutauppgjör á starfsárinu, samtals fjóra fundi. Stjórn situr í endurskoðunarnefnd m.a. í sparnaðarskyni, sérstaklega þegar illa árar.
4. Formaður tók undir athugasemd Sverris við hækkun þóknunar til endurskoðenda á milli ára. Félagið stefnir að því að lækka þennan kostnað m.a. með því að meiri vinna við ársreikning félagsins verði unnin innan fyrirtækisins og einnig hafi verið hagstæðari samningar við endurskoðendur fyrir starfsárið 2012.

Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða.

5. Næsta mál á dagskrá var ákvörðun um jöfnun taps félagsins. Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar eins og hún kemur fram í áritun á reikninga félagsins en þar segir: "Stjórn félagsins leggur til að greiddar verði 0,0625 kr. á hlut í arð til hluthafa árið 2012 eða 25 millj. kr., þar af 20 millj. kr. í formi hlutfjár í félaginu. Vísað til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum." Arður verður greiddur út þann 15. mars næstkomandi í samræmi við eign hluthafa eins og hún er skráð í lok dags þann 22. febrúar 2012. Gengi hlutfjár miðast við viðskiptagengi 17. febrúar 2012. Arðleysisdagur er 20. febrúar 2012.

Tillagan var samþykkt.

6. Næst bar fundarstjóri undir fundinn tillögu um að laun stjórnarmanna og varamanns þeirra í stjórn Nýherja hf. fyrir árið 2011 yrðu eftirfarandi:

Formaður kr. 2.850.000.
Meðstjórnendur kr. 950.000.

Tillagan var samþykkt.

7. Fundarstjóri bar upp tillögu um 5 aðalmenn í aðalstjórn Nýherja hf. Þar sem ekki voru fleiri í kjöri lýsti fundarstjóri eftirtalda sjálfkjörna í aðalstjórn til næsta aðalfundar:

Benedikt Jóhannesson
Árna Vilhjálmsson
Guðmund Jóh. Jónsson
Hildi Dungal
Mörtu Kristínu Lárusdóttur.

Fyrir lá tillaga um Helgu Árnadóttur í varastjórn Nýherja hf.

Þar sem ekki voru fleiri í kjöri lýsti fundarstjóri Helgu Árnadóttur sjálfkjörna til næsta aðalfundar.

8. Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að endurskoðendur félagsins yrðu KPMG ehf. Fundarstjóri lýsti þá sjálfkjörna til endurskoðunar.
9. Fundarstjóri bar næst upp svohljóðandi tillögu um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum skv. 55. grein hlutafélagalaga:

Aðalfundur Nýherja haldinn 17. febrúar 2012 samþykkir heimild til handa stjórn félagsins til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af nafnverði hlutafjár félagsins, sbr. VIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Kaupgengi hluta skal miða við síðasta skráða gengi í Nasdaq OMX Iceland hf. áður en samningur er gerður. Gildistími heimildarinnar er allt að átján mánuðir. Með samþykkt tillögu þessarar fellur úr gildi sams konar heimild sem samþykkt var á síðasta aðalfundi félagsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

10. Fundarstjóri bar upp tillögu um starfskjarastefnu Nýherja hf. skv. 79. grein laga nr. 2/1995 um hlutafélög (fylgiskjal nr. 2).

Tillagan var samþykkt samhljóða.

11. Undir liðnum „Önnur mál“ þakkaði stjórnarformaður hluthöfum það traust, sem þeir sýndu nýkjörinni stjórn og fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn og sleit svo fundi kl. 17:10.

Engar athugasemdir komu fram við fundargerðina.

Ólafur Sigurðsson, fundarstjóri

Pór Konráðsson, fundarritari